

Sp.

908. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun laga um hlutafélög og laga um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela sérfróðum mönnum að endurskoða lög nr. 77 1921, um hlutafélög, og lög nr. 42 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð, og leggja síðan frumvörp að lögum um þessi efni fyrir næsta Alþingi. Kostnaður við endurskoðun laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Báðir þeir lagabálkar, sem hér er lagt til að verði endurskoðaðir, eru orðnir algerlega úreltir, og hefur um langt skeið verið brýn þörf á setningu nýrra laga í stað þeirra. Næstum allar nágrannaþjóðir vorar hafa endurskoðað hlutafélagalöggjöf sína á síðustu árum, og er því ekki með öllu vansalaust, að vér skulum enn húa við aldarfjórðungsgamla löggjöf um þessi efni, og það því fremur, sem um frumsmíð var að ræða, og lögunum hefur reynzt ábótavant að ýmsu leyti. Gildandi lög um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð eru nú orðin meira en 40 ára gömul og hefur nær ekkert verið breytt síðan þau voru sett, en þau voru þá einnig frumsmíði. Þau eru og gölluð að ýmsu leyti, og mun nokkrum atriðum þeirra, svo sem fyrirmælunum um firmu fyrirtækja, sumpart alls ekki framfylgt. Virðist því einnig full ástæða til þess að endurskoða þau.